Qualified Electronic Signature
GUNNHILDUR SIF ODDSDÓTTIR
2023-06-29 10:16:07 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
SKÚLI ÞÓRÐARSON
2023-06-29 10:17:25 GMT
GoPro

UMHVERFIS
STOFNUN

Samherji fiskeldi ehf.
Glerárgötu 30
600Akureyri

Reykjavík, 29. júní 2023
UST202306-446/G.S.O.
08.11.00

**Efni: Breytingar á mælingum hjá Samherja í Sigtúnum**

Þann 16. júní sl. barst Umhverfisstofnun beiðni frá Samherja, fiskeldis í Sigtúnum í Öxarfirði, um fækkun sýnataka og mælinga í viðtaka frárennslis úr tveimur niður í eina á ári.

Samkvæmt grein 4.3 í starfsleyfi Samherja, Sigtúnum, skal mæla magn heildarfosfórs og heildarköfnunarefnis við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Í beiðni Samherja kemur fram að Sigtún sé klakfiskastöð þar sem lífmassi helst nokkuð jafn allt árið og losun mengunarefna er mjög lítil.

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á sbr. grein 2.6 í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun fellst á framangreinda beiðni rekstraraðila og verður mælingum á heildarfosfóri og heildarköfnunarefni skv. grein 4.3 í starfsleyfi fækkað úr tveimur niður í eina á ári. Fyrirkomulag annarra mælinga í starfsleyfi breytist ekki.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur